

Kirkjuþing 2021-2022

22. mál – þskj. 75

**Nefndarálit og breytingartillaga**  
**við tillögu til þingsályktunar um stofnun starfshóps til að skilgreina þörf**  
**fyrir presta og djákna vegna vígðrar grunnþjónustu Þjóðkirkjunnar á**  
**landsvísu.**

Frá allsherjarnefnd.  
Frsm. Guðrún Karls Helgudóttir.

Allsherjarnefnd hefur fjallað um málið og leggur til að málið á þingskjali 22 verði samþykkt með eftirfarandi

*breytingartillögu:*

Tillagan orðist svo: Kirkjuþing samþykkir að stofnaður verði 5 manna starfshópur er skilgreini þörfina fyrir þjónustu djákna, presta, prófesta og vígslubiskupa. Starfshópurinn starfi í samráði við biskupafund og njóti aðstoðar starfsfólks á biskupsstofu eftir því sem þörf krefur og aðstæður leyfa. Þá verði leitað álits vígðra þjóna, sóknarnefndarfólks og starfsfólks safnaða.

Starfshópurinn skili skýrslu til kirkjuþings 2022. Á grundvelli hennar verði endurskoðuð, eftir því sem við á, skipting landsins í starfseiningar, prófastsdæmi, prestaköll og/eða samstarfssvæði og horft verði til framtíðar.

Vinna þessi skal ekki koma í veg fyrir að einstakar breytingar verði gerðar á starfseiningum og/eða mönnun meðan á ofangreindri vinnu stendur.

Reykjavík, 23. nóvember 2021.

*Allsherjarnefnd.*  
Guðrún Karls Helgudóttir, formaður.  
Anný Ingimarsdóttir.  
Árný Herbertsdóttir.  
Guðbjörg Arnardóttir.  
Guðlaugur Óskarsson.  
Kolbrún Baldursdóttir.  
Margrét Eggertsdóttir.  
Þuríður Björg Wium Árnadóttir.